

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 2015

komudagur 15 / 5 1996

Efnahags-og viðskiptanefnd Alþingis,
b/t Vilhjálms Egilssonar, formanns.

Reykjavík, 15. maí 1996

Öryrkjabandalag Íslands hefur farið yfir stjórnarfrumvarp til laga um fjármagnstekjuskatt og vill mega koma að athugasemdum sínum við frumvarpið hvað varðar bandalagið og einstök félög þess, sjóði á þess vegum svo og Hússjóð Öryrkjabandalagsins.

Með frumvarpinu ef að lögum verður eru afnumin ákvæði 4. gr. laga um tekjuskatt og eignaskatt um aðila sem undanþegnir eru skattskyldu. Þetta þýðir að Öryrkjabandalagið sem slíkt, félög þess og sjóðir á þess vegum verða skattskyld. Bandalagið sem og einstök félög þess verja tekjum sínum í þágu skjólstæðinga sinna og vissulega eru vaxtatekjur ekki miklar í langflestum tilvikum, en þó koma þeir tímar þegar safnað er fyrir ákveðnum verkefnum eða framkvæmdum að söfnunarfé er á vöxtum og 10% fjármagnstekjuskattur rýrir þá söfnunarféð sem honum nemur.

Sjóðir á vegum bandalagsins og félaga þess eru einnig nýttir sem best í þágu skjólstæðinganna, fatlaðs fólks í landinu, og eru yfirleitt alfarið með þau ákvæði í skipulagsskrám sínum að einungis megi ráðstafa vaxtatekjum og mundi ráðstöfunarfé því skerðast um 10% af völdum fjármagnstekjuskattsins s.s. frumvarpið hljóðar og geta sjóðanna til að styðja fatlað fólk til hinna ýmsu verka því rýrna að sama skapi.

Afnám þessa undanþáguákvæðis hvað fjármagnstekjuskattinn varðar mun þá skerða getu bandalagsins, félaga þess og sjóða til að vinna að og styrkja góð málefni til heilla fyrir fatlað fólk í landinu. **Við förum þess því eindregið á leit við háttvirta þingnefnd að hún sjái til þess að félög fatlaðra og sjóðir þeirra verði undanþegin fjármagnstekjuskatti eins og þau eru undanþegin tekju-og eignaskatti.**

Þá kemur að fjármagnstekjuskatti á húsaleigutekjur, sem virðist eiga að ganga yfir alla leigusala, hvers edlis sem leigusalan er og í hverra þágu. Hússjóður Öryrkjabandalagsins er sjálfseignarstofnun sem gegnir því hlutverki að leigja út íbúðir á eins sanngjörnu verði og frekast er unnt til öryrkja á landi hér. Hússjóður er nú annar stærsti leigusali á landinu og í eigu Hússjóðs eru nú um 520 íbúðir þar sem búa um 800 manns í eins lágri leigu og unnt er enda vitað um litla greiðslugetu

þessa hóps almennt.

Afleiðing þess að leggja 10% fjármagnstekjuskatt á Hússjóð Öryrkjabandalagsins þýddi í raun 11% hækkun á húsaleigu til öryrkja þeirra er búa á vegum Hússjóðs og yrði það þungbært fyrir þennan tekjulága hóp.

Öryrkjabandalag Íslands hefur af slíkri framkvæmd miklar áhyggjur og vonar að háttvirt þingnefnd sjái til þess að komið verði til móts við ótvíræða hagsmuni öryrkja í þessu tilfelli.

Það er eindregin ósk okkar að fulltrúar bandalagsins megi eiga þess kost að koma til fundar við háttvirta þingnefnd til frekari áréttingar erindi þessu.

Virðingarfyllst,
f. h. Öryrkjabandalags Íslands



Ólöf Ríkarðsdóttir
formaður



Ásgerður Ingimarsdóttir
framkvæmdastjóri